

# Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)

JÚLÍ 2021



7. tbl. 24. árg.

**OPIÐ**  
**8-24**  
**ALLA DAGA**  
**Á EIDISTORGI**  
**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að verða*

## Jól á Laugavegi í júlí

Fyrr í þessum mánuði efndu eigendur Litlu jólabúðarinnar til eiginlegra litlu jóla á Laugaveginum fyrir framan búðina. Jólaskraut var sett upp, jólatré stóð á miðri göngugötunni og jólasveinar komu í heimsókn og sungu jólalög fyrir gesti og gangandi! Vegfarendur skemmtu sér og börnin nutu hinnar óvæntu jólagleði á hásumri.



**Betri laun**



VIRTUS

Bókhalð | Laun | Ráðgjöf  
[virtus.is](http://virtus.is)

- bls. 4-5  
Viðtal við  
Vilhjálm Egilsson  
fyrirverandi alþingis-  
mann og rektor

## Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



**AFGREIÐSLUTIMI**  
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is)



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18  
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)



**Tilboð**  
Bláber & Jarðarber

*Melabúðin*



Sími 551-0224  
[melabudin.is](http://melabudin.is)

## Sælkeraverslunin þín!

### Grillkjötborðið

- bíður þín ...og allt meðlætið

### Glæný fjallableikja

- frábær á grillið



# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

7. tbl. 24. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107, 102 og 101.

## Ferðapjónustan

Eftir því sem bólusetningum vegna covid-19 fjölga falla ýmsir fjótrar af fólki sem valdið hafa erfiðleikum í samfélögum vítt og beitt um heim.

Þessir fjótrar hafa ekki sneytt hjá Íslendingum fremur en öðrum. Margvísleg starfsemi var slegin af um tíma og var mörgum vinnustöðum lokað um lengri eða skemmri tíma. Sumir hafa ekki opnað aftur og munu ekki gera.

Atvinnulífið bar eðlilega mikinn skaða af faraldrinum. Talið er að allt að eitt þúsund milljarða þurfi til þess að rétta þjóðfélagið af miðað við þá stöðu sem var fyrir covid-19.

Ein atvinnugrein fór verst út úr faraldrinum. Er það ferðapjónustan því komur ferðamanna lögðust af. Ferðapjónusta hafði vaxið mjög hratt á skömmum tíma á árunum efir hrun.

Vissulega var þar um uppgrip að ræða. Uppgrip sem líkja má við göngur uppsjávarfiska á borð við síld, loðnu og makríl að ströndum landsins. Ferðapjónustan flutti gjaldyri hingað rétt eins og uppsjávarveiðarnar.

Nú er hún að koma nokkuð til baka. Einkum ferðamenn frá Bandaríkjunum koma nú til landsins og kaupa þjónustu. Verulegar líkur er til að hún verði nokkur hluti af atvinnuvegum þjóðarinnar á ný.

Spurning er þó um hvernig hún þróast. Hvort hún verður eins og fyrr og einnig hvort það er æskilegt.

Ferðapjónusta er að stórum hluta láglaua atvinnuvegur. Af því er ástæða til að hafa nokkrar áhyggjur. Líta til þess hvað við viljum bjóða og selja. Hvernig við viljum nýta hana til að skapa arðvænlegan atvinnuveg fyrir samfélagið í heild.

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070

Finndu okkur á  
Facebook

# Bensínstöðvum á að fækka um þriðjung



Ásta Kristín Fjeldsted, framkvæmdastjóri Krónunnar, Eggert Þór Kristófersson forstjóri N1 og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri við undirritun samnings um fækkun bensínstöðva.

**Bensínstöðvum í Reykjavíkurborg á að fækka um þriðjung á næstu árum. Gert er ráð fyrir að þeim fækki úr 45 í 30 samkvæmt samkomulagi um þessar fyrirætlanir sem hefur verið undirritað. Reykjavík á trúlega heimsmet í fjölda bensínstöðva miðað við íbúafjölda. Fyrir tveimur árum gerði borgin öllum olíufélögum tilboð um að leggja hluta þeirra niður.**

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir borgina hafa boðið upp í samstarf um að uppbygging kæmi í stað stöðvanna. Ráðist yrði í byggingu íbúða og einnig hverfistengdrar þjónustu og með samkomulaginu sem hefur verið undirritað sé þetta að ganga eftir. Með þessu samkomulagi munu stórir reitir þeirra í íbúðahverfum fara undir hverfistengda þjónustu og íbúðir. Eigendur bensínstöðvanna sem rifnar verða eiga að fá byggingarétt á móti en vill tryggja í gegnum skipulagsvaldið að það sé þá

í þágu samfélagsins. Fyrst munu bensínstöðvar sem eru inni í hverfum og nálægt leiksvæðum og gönguleiðum barna hverfa en stöðvar sem eru við stofnbrautir verða áfram. Dæmi um stöðvar sem verða fyrstar til að hverfa eru við Stóragerði, Háaleitisbraut, Álfheima, Ægisíðu, Skógarsel og Norðurfell. Samþykka þarf deiliskipulag og stilla upp hugmyndum sem verða kynntar íbúum á hverjum stað og það mun taka einhvern tíma. Dagur B. Eggertsson kveðst ekki eiga von á öðru en að borgarbúar fagni þessu. „Það hefur verið kallað eftir því að sumar af þessum stöðvum fari og ef að okkur tekst í samvinnu að koma með eitthvað skemmtilegt og gott í staðinn eins og íbúðir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur og ýmsa hverfistengda þjónustu að þá hugsa ég að þetta geti gengið hratt og vel,“ segir Dagur.


## Kaffihús og gallerí í Garðastræti 6



Garðastræti 6 þar sem gengið var inn í nytjamaðinn. Þar má búast við veitingum og listmunum í framtíðinni.

Til stendur að opna kaffihús í Garðastræti 6 þar sem nytjamaðinn Hjalpræðishersins var til húsa. Það er Íris Ann Sigurðardóttir sem rekur veitingastaðina Coocoo's Nest og Luna Florens á Granda sem hyggur á opnum kaffihúsi og gallerí með félögum sínum í húsnæðinu.

Þær Íris Ann Ann og Svava Ágústsdóttir eiga saman eignarhaldsfélagið Andaglas sem mun standa að rekstrinum. Í umsókn til Reykjavíkurborgar kemur fram að sótt er um leyfi til þess að breyta verslunarrými í kaffihús, veitingastað á fyrstu hæð og innréttu gallerý með verslun í kjallararými.



KOMONO

H Ö N N U N   G Æ Ð I   H A N D V E R K

Komono eru hágæðagleraugu þar sem hönnun, gæði og handverk eru í fyrirrúmi. Vönduð gæðavara á góðu verði. Kíktu við og mátaðu.

Eyesland gleraugnaverslun · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð  
sími 510 0110 · [www.eyesland.is](http://www.eyesland.is)



gler<sup>o</sup>augu

# Úr Skagafirði til Tyrklands með viðkomu í Vesturbæ

- Vilhjálmur Egilsson fyrrum alþingismaður og rektor rabbar um lífshlaup sitt

**V**ilhjálmur Egilsson fyrrum alþingismaður og rektor sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á árunum 1991 til 2003. Hann var framkvæmdarstjóri Samtaka atvinnulífsins á árunum 2006 til 2013 og rektor háskólans á Bifröst 2013 til 2019. Vilhjálmur hefur búið í Vesturbænum allt frá því hann hleypti heimdraganum úr Skagafirði ef undanskilin eru námsár í Bandaríkjunum og rektorsstaða á Bifröst í Borgarfirði. Þegar Vilhjálmur lét af starfi rektors sagði hann í viðtali við blaðið Skessuhorn á Vesturlandi að ástæðan fyrir starfslokum væri sú að hann yrði 67 ára í desember og væri að færast á lífeyrisaldur. „Að minni hálfu snerist málið um að finna heppilegan tímamark til að stiga inn í þennan nýja kafla í lífi mínu.“ Eftir að Vilhjálmur lauk störfum á Bifröst hefur aftur sest að á sínum gamla stað í Vesturbænum en einnig leitað á suðlægari slóðir þar sem hann hefur dvalið öðru hvoru í Tyrklandi. Vilhjálmur settist niður með Vesturbæjarblaðinu á Te og kaffi í Aðalstræti á dögnum og lét hugann reika yfir lífsferil sinn yfir bolla af kaffi Amerikano.

„Ég er Skagfirðingur og einnig aðeins húnverskur að ætt og uppruna. Ættir mína liggja að mestu í Blönduhlíð í Skagafirði og þaðan út á Skaga. Skagafjörður er nánast allur undir þegar kemur að ætterni mínu. Tveir bræður mínir búa í Skagafirði og ég á margt skyldfólk þar.“ En þú hefur farið ungur að heiman. „Já að nokkru leyti. Ég fór til náms við Menntaskólann á Akureyri á sextánda ári. Þjó þar á vetrum en var heima í Skagafirði yfir sumartímam. En svo tók Vesturbærinn í Reykjavík við þar sem ég hef að mestu haldið til síðan. Eftir stúdentspróf fór ég suður til náms við Háskóla Íslands. Ég féll fyrir ungru stúlku úr Vesturbænum Ragnhildi Pálu Ófeigsdóttur og ekki varð aftur snúið. Bæði höfðu þau mikið aðdráttarafyrir mig stúlkan og Vesturbærinn. Við búum í húsi sem afi hennar og amma byggðu 1934. Einu af samvinnufélags-húsum sem stendur á horni Sól-

vallagötu og Bræðraborgarstígs. Ragnhildur Pála er fædd í þessu húsi. Parna á ætt hennar rætur og nokkrar kynslóðir verið til húsa. Barnabörn okkar hafa verið mikið í húsinu þegar við höfum verið í burtu. Ég hef ekki trú á að húsið skipti um ætt eftir okkar dag.“

## Þetta var sprettur

Þú valdir hagfræðina. Höfðaði hún fermur til skagfirska stráksins og ráðunautasonarins en annar lærdómur. „Ég var ekki fyllilega viss um hvað ég vildi eftir menntaskólaárin. Ég tók mér hlé í eitt ár á meðan ég hugsaði mig um og kenndi við gagnfræðaskólann í Mosfellsbæ. En svo fór að ég innritaði mig í viðskiptafræði og þjóðhagskjarna við Háskóla Íslands. Ég lauk náminu á fjórum árum.“ Og þá tók framhaldsnámið við. „Já þá hélt ég til Bandaríkjanna. Til Los Angeles þar sem ég var við nám í fimm ár og lauk doktorsprófi í hagfræði. Þetta var talsverður sprettur. Ég gat fengið að kenna með náminu og kenndi með því allan tímann. Þannig fjármagnaði ég námið.“

## Enginn heyrir um Ísland í bankanum

Voru viðbrigið að koma til Los Angeles. „Það voru talsverð viðbrigið. Ég fór einn til þess að byrja með til að læra á umhverfið. Við vorum komin með eitt barn þá þótt þeim ætti eftir að fjölga og hugmyndin var að Ragnhildur Pála kæmi síðar þegar ég væri búinn að fá íbúð fyrir okkur. Ég mætti til LA klæddur jakkafötum og með bindi og með tvær niðþungar ferðatöskur sem ekki voru á hjólum. Þegar ég steig út úr flugvélinni var hitinn um 40 gráður. Ég hef trúlega verið nokkuð þungur á mér þannig til fara og með stóra byrði í ágústhitanum á vesturströnd Bandaríkjanna, þangað sem ég hafði aldrei komið áður. Ég var búinn að fá leiðbeiningar um hvernig ég ætti að komast í háskólann. Á endanum komst ég inn á kampinn þar sem ég gat fengið gistingu til bráðabirgða. Ég gat losað um bindið og lagt töskurnar frá mér. Daginn eftir tók inritunarferlið við sem er nokkuð



Vilhjálmur Egilsson fyrrverandi alþingismaður og rektor.

flókið og mér fannst yfirþyrmandi. Mér tókst líka að leigja íbúð og þurfti að láta megnið af því reiðufé sem ég var með á milli handanna af hendi til þess að greiða leiguna. Daginn eftir hélt ég svo í banka til þess að stofan bankareikning. Þá tóku ýmis vandamál við. Ég var með stærstan hluta af því reiðufé sem nota átti til framfærslu í ávísun frá Landsbanka Íslands. Í ameríska bankanum hafði eðlilega enginn heyrt um Landsbanka Íslands eða tekið við ávísun þaðan. Ég man að það tók tíu daga að fá ávísunina innleysta og peningana inn á bankareikninginn. Þetta var fyrir tíma tölvuvaldar og Internet-sins og hefur eflaust kostað símtöl og skeytasendingar á milli Íslands og Bandaríkjanna. En hafðist þó. Ég var hálf blankur þessar fyrstu tvær vikur vestra. Keypti mér plastdíska og lifði mest á mjólk og Cheerios morgunkorni. Ég hafði fengið upplýsingar um nöfn á fólki sem ég gæti haft samband við. Frændfólk Ragnhildar Pálu. Ég fletti öllum símaskráum sem ég komst í en fann ekkert um þetta fólk. Skýringar á því komu þó síðar. Fólkíð rak húsvagnagard og voru skráð í símaskránni undir nafni fyrirtækisins. Eftir að þetta skýrðist komst ágætt samband við fólkíð.“

## Bréfið var mánuð á leiðinni heim

Og Vilhjálmur heldur áfram. „Næsta skerf í vestrinu var að koma upplýsingum heim um að ég hefði komist alla leið og allt væri í lagi með mig. Það gekk ekkert betur en að skipta Landsbanka-ávísuninni. Ég átti ekki von á neinum erfiðleikum og skrifaði bréf heim til Ragnhildar Pálu. Bréfið lenti hins vegar í hinum mestu ógöngum. Ég veit ekki hversu langt það fór. Hvort það fór hringinn í kringum hnöttinn. Af tímalengdinni sem tók að koma því til skila mætti ráða hnattferð. Ég var ekki komin með síma og auralítill á meðan ekki var búið að skipta ávísuninni og símtöl dýr á milli þessara fjarlægju staða á þeim tíma. Fjölskyldan fékk ekkert að vita af mér

í heilan mánuð. Vissi ekki hvort ég væri lífs eða líðinn, þótt hún vonaði hið besta sem raunin varð. Ástæða þess að bréfið fór á þetta flakk var sú að ég hafði skrifað Reykjavík Iceland framan á það en ekki Reykjavík Europ Iceland. Bandarískir póstmenn vissu ekkert hvar þetta Iceland var. Hvort það væri í Karíbahafinu eða Ástralíu eða annars staðar. Bréfið fór bara eitthvað. En ef ég hefði merkt það Europ Iceland hefði það verið sent beint til Evrópu þar sem meiri þekking á Íslandi er fyrir hendi. Þá hefði það verið í mesta lagi fimm daga á leiðinni í staða mánaðar. En svo fór maður að læra á þetta og samskiptin að komast í gang. Ég tók fljótt til við námið og fékk auk þess kennslu. Það eflði auraráðin dálítið. Ragnhildur Pála kom svo fljótlega út til mín en dóttir okkar varð eftir heima Íslandi þar sem hún var hjá skyldfólki þetta fyrsta ár. Við eignuðumst annað barn í nóvember 1978. Þá vorum við búin að fá hjónaíbúð og komum út með tvö börn. Strákurinn var aðeins sex vikna.“ Vilhjálmur og Ragnhildur Pála komu heim til Íslands með börnin á hverju sumri sem þau dvöldu í Los Angeles. „Já – við komum alltaf heim á sumrin. Ég var að vinna á hverju sumri hér heima. Oftast í þrjá mánuði. Bæði til að afla peninga en einnig var viðvera hér heima góð til þess að halda tengslum í samfélaginu. Meiri hætta er á að gleymast ef dvöl erlendis fer yfir langan tíma og ekkert er komið heim til að sýna sig.“

## Sigurjón, Jakob og Jónas R

Vilhjálmur segir að erfitt hafi verið að fjármagna nám erlendis á þessum árum. „Aðstoðarkennarastaðan hjálpaði okkur verulega. Talsvert var um að fólk væri með gjaldeyri keyptan á svörtum markaði því hörð gjaldeyriskömmun var þá enn við lýði á Íslandi. Nokkrir Íslendingar voru í Los Angeles á þessum tíma. Sigurjón Sighvatsson kom aðeins á eftir mér og við vorum

nágrannar. Símon Gunnarsson var þarna og svo Jakob Magnússon og Anna Björnsdóttir sem þá voru þar. Anna stafaði sem módel og Jakob var á kafi í tónlistinni. Stuðmenn voru vaknaðir til lífsins en hann var að starfa með öðrum og að öðrum verkefnum á þessum tíma. Jónas R. Jónsson kom líka og það var heilmikið líf í kringum þetta fólk. Við fórum saman á fótboltaleiki og horfðum á háskólaliðið þegar það var að spila. Íslendingar ná oftast vel saman þegar þeir búa á svipuðum slóðum í öðrum löndum. Við vorum því alls ekki einangruð þarna.“

## Vildum báknið burt

„Við komum alkomin heim um sumarið 1982. Þá fór ég að vinna sem hagfræðingur hjá Félagi íslenskra iðnrekenda. Þorsteinn Pálsson síðar ráðherra var framkvæmdastjóri þar og réð mig þangað. Ég fór einnig að vinna að framtíðar stefnumörkun fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Þá var mikið í umræðunni sérstaklega innan raða Sambands ungra sjálfstæðismanna að draga bæri úr umsvifum ríkisins og slagorðið „báknið burt“ varð til. Báknið er enn til og spurning er um hversu stórt það er. Ýmislegt hefur þó breyst. Þegar þessi umræða fór af stað innan SUS þótti fráleitt að selja ríkisfyrirtæki. Sem dæmi um umsvif hins opinbera má nefna að Ferðaskrifstofa ríkisins hafði einkaleyfi á móttöku ferðamanna.“

## Komst á þing í kosningunum 1991

Þú fórst svo að huga að Alþingi. „Ég var formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna 1985 til 1987. Ég fór síðan í framboð 1987 en náði ekki inn. Borgaraflokkurinn varð til það ár og tók nokkuð frá okkur Sjálfstæðismönnum en það munaði ekki miklu. En ég komst inn í kosningunum 1991. Ég var í öðru sætinu sem var baráttusæti og var úti og inni á víxl alla kosninganóttina en datt endanlega inn á lokametrunum. Framsóknarflokkurinn hafði alltaf verið stærri

**Startaðu ferðasumarið með TUDOR**

Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi fyrir ferðalagið í sumar

**TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ**

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bildshóli 12 • 110 Rvk • 577-1515 • **HTT** vefverslun [www.skorri.is](http://www.skorri.is)



Bifröst í Borgarfirði þar sem þau Vilhjálmur og Ragnhildur Pála bjuggum um árabil.

Í gamla Norðurlandskjördæmi vestra en 1999 varð Sjálfstæðisflokkurinn stærri. Held að þar hafi munað um að Siglufjörður hafði þá færst yfir í kjördæmið en þar bjó talsvert af sjálfstæðisfólki. Eftir kjördæmabreytinguna 2003 datt ég út og fór þá til Washington þar sem ég vann fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í eitt ár. Þarna hafði ég starfað sem framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, setið á Alþingi og starfað fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þetta voru ólíkir samstarfshópar en skemmtilegir hver á sína vísu.

Ég starfaði sem ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu um tíma þegar Arni Mathíesen var sjávarútvegsráðherra, en fór síðan til Samtaka atvinnulífsins til árið 2006.“

### Tók við erfiðu búi á Bifröst

En svo ákvaðstu að fara í Borgarfjörðinn. „Ég tók við stöðu rektors Háskólans á Bifröst 2013 og var þar í sjö ár. Þetta var um margt erfiður tími. Einkum fyrstu árin. Skólinn var illa settur tæknilega

séð og mikið tap var á rekstrinum. Mikið hafði verið byggt á vegum skólans sem nýttist illa. Í fyrstu hafði verið gengið út frá að nemendur byggju á staðnum en síðar kom í ljóst að margir kusu að vera í fjarnámi. Fyrir því eru ýmsar ástæður en einkum þær að margir nemendur vilja vinna með námi sem er ekki auðvelt búandi í uppsveitum Borgarfjarðar. Við þurftum því að aðlaga skólann nýjum aðstæðum og nú stundar stærstur hluti nemenda fjarnám. Ekki var hjá því komist að verða við óskum þeirra. Við Ragnhildur

Pála ákváðum að flytja alveg upp eftir. Þetta var í þriðja skiptið sem við yfirgáfum ættarsetrið í Vesturbænum en hluti af fjölskyldunni bjó í húsinu á meðan. Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika í rekstri skólans og mikla vinnu áttum við góð ár þarna efra. Ragnhildur Pála er sérkennari og kenndi við grunnskólann á Varmalandi. Við sjáum ekki eftir að hafa gert þetta.“

### Fór út á miðvikudegi og var búin að kaupa húsið á sunnudegi

Sumir hlakka til eftirlaunaáranna en aðrir kvíða þeim. Vilhjálmur og Ragnhildur dattu ofan á það sem ef til má telja ótrúlegt. „Við höfðum stundum rætt um að gaman væri að koma sér upp heimili við Miðjarðarhafið þegar starfstímanum væri lokið. Ragnhildur Pála hefur alltaf haft mikinn áhuga á menningu austurlanda og lesið sér til um sögu þeirra. Í ársbyrjun 2008 var sölusýning þar sem verið var að kynna aðstæður við Miðjarðarhafið og boðið var upp á fimm daga ferð til Tyrklands. Ég stóð í miðjum samningaviðræðum og átti ekki heimangengt en Ragnhildur Pála tók vinkonu sína með sér og þáði ferðina. Þær fóru út á miðvikudegi og hún var búin að kaupa húsið á sunnudegi. Þótt tíminn væri skammur var þetta sérstaklega vel valið hjá henni. Þetta þýddi að maður fór að lesa sér til um sögu Tyrklands og sérstaklega þess svæðis sem húsið er.“

### Nei – Erdogan er ekki einræðisherra

Þau Vilhjálmur og Ragnhildur Pála hafa dvalið nokkuð í Tyrklandi og einkum um sumartímann. „Þetta er búið að vera gaman. Að dvelja

þarna í góðviðrinu og einnig að fylgjast með því sem er að gerast í landinu. Árið 2003 fyrir bráðum tveimur áratugum kom Recep Tayyip Erdogan núverandi forseti Tyrklands fram á sjónarsviðið. Hann var borgarstjóri Ístanbul frá 1994 til 1998. Síðan forsætisráðherra Tyrklands frá 2003 til 2014 að hann tók við forsetaembættinu. „Menn hafa ýmsar skoðanir á Erdogan en eitt af því sem hefur styrkt hann er bæt看tur efnahagur Tyrkja. Þegar hann tók við voru meðaltekjur Tyrkja um 45% af meðaltekjum í Evrópusambandinu en eru nú komnar í um tvo þriðju af meðaltekjum. Að mínu mati er mesta vandamál Tyrkja að þeir hafa ekki náð að byggja upp neinn sparnað að ráði. Við þekkjum þetta vel vegna þess að ef við hefðum ekki byggt lífeyrissjóðina upp stæðum við í sömu sporum. Hefðum ekki sparnað í landinu.“ Talið berst aftur að Erdogan. „Nei – hann er ekki einræðisherra þótt ýmsir haldi að svo sé. Það eru öflugir stjórnarandstöðuflokkar í landinu og ekki þar með sagt að hann gæti ekki fallið í kosningum. Þegar tilraun til valdaráns var gerð fyrir nokkrum árum og barin niður af hörku þá vakti athygli hversu fáir virtust styðja hana. Efnahagsmálin skipta máli og atvinnulífið hefur stutt flokk Erdogans að miklu leyti. Hann hefur verið nokkuð frjálslýndur í efnahags- og atvinnumálum eins og sést af hækkingu meðaltekjum Tyrkja. Við verðum vör við að það eru fleiri stjórnmálaflokkar í landinu því þar sem við erum er á svæði þar sem aðrir flokkar en forsetans eru í miklum meirihluta. En ég neita ekki að þetta hefur verið skemmtileg viðbót við lífshlaupið.“

## Ánægðari viðskiptavinir



Ánægja viðskiptavina hvetur okkur áfram til að veita framúrskarandi þjónustu og verða betri banki á öllum sviðum.

# Listval opnar nýtt sýningarrými á Granda



Helga Björg Kjerúlf og Elísabet Alma Svendsen.

Listval hefur opnað nýtt sýningarrými á Hólmaslóð 6 í Örfirisey. Elísabet Alma Svendsen og Helga Björg Kjerúlf standa á bakvið Listval.

Listval hefur undanfarin tvö ár verið leiðandi í myndlistarráðgjöf fyrir heimili og fyrirtæki. Rýmið á Hólmaslóð verður aðsetur Listvals þar sem fólk getur komið og skoðað fjölbreytta myndlist og fengið persónulega ráðgjöf við val á verkum. Markmið Listvals er að stuðla að meiri sýnileika myndlistar og gera fólk auðveldara fyrir að fjárfesta í myndlist.

# Fyrsti grásleppu- skúrin gerður upp

Búið er að gera einn grásleppuskúranna við Ægisíðu upp. Ýmsar framkvæmdir hafa átt sér stað í og við gömlu skúrana en þeir sjálfir hafa verið í umsjá Borgarsögusafns Reykjavíkur frá 2017. Fyrir nokkrum misserum var farið í jarðvegsskipti í kringum skúrana og tiltekt á svæðinu. Einnig fór fram fornlifarannsókn á þeim hluta svæðisins sem hróflað var við og fundust m.a. aldargömul ummerki um manna verk á svæðinu, þó sennilega ekkert sem kemur til með að breyta sögunni í stóra samhenginu.

Vorið 2020 var grásleppuskúrin sem stóð vestast af þeim fjarlægður til viðgerðar. Umsjón með verkinu hafði Trausti Sigurðsson. Fór hann eftir viðgerðaráætlun sem unnin var á vegum Borgarsögusafnsins. Reynt var að nota allt nýtilegt sem til var af byggingarefni og koma skúrnum í það horf að hann myndi ekki fjúka í næsta stórviðri. Í þeirri vinnu kom í ljós leifar af tjörupappaklæðingu sem var á skúrnum eftir miðja síðustu öld, sem og gluggasetning. Miðaði endurgerðin að því að færa skúrinn í það horf.



Hinn uppgerði grásleppuskúr við Ægisíðuna.

Árið 2006 lagði Kjartan Magnússon þáverandi borgarfulltrúi til að endurverkja grásleppuútgærd í Grímsstaðavör við Ægisíðu í Reykjavík. Hann lagði tillöguna um endurvakningu útgerðarinnar og friðun grásleppuskúranna fram í menningarmálanefnd en þá að jafna þá við jörðu.

Kjartan benti þá á að skúrarnir við Ægisíðu væru elstu minjar um smábátaútgærd í Reykjavík og því afar mikilvægt sé að varðveita þá. Langt fram eftir 20 öld voru fiskimenn með útgærd grásleppubáta við Ægisíðu. Þegar mest var voru sextán bátar út gerðir út frá Ægisíðunni.

## Er hleðslukerfi rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málin með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi! Allt frá úttekki á fyrirkomulagi til heildarumsjónar með rafbílahleðslukerfi húsfélagsins.

**Bílastuð Eignaumsjónar - þrjár þjónustuleiðir í boði:**

- » **Bílastuð 0** - úttekki á hleðsluáætlun og framkvæmdaáætlun
- » **Bílastuð 1** - sérhæfð innheimta fyrir húsfélag vegna rafbílahleðslu
- » **Bílastuð 1+1** - heildarumsjón með rafbílahleðslu í húsfélögum



• EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is

eignaumsjon.is

# Ný hjólabraut á Miðbakka

Ný og glæsileg hjólabraut hefur verið opnuð á Miðbakka Reykjavíkurhafnar. Hjólabraut sem þessi kallast „pump track“ á ensku og hafa því sumir kallað svona brautir pumpur á íslensku. Pumpan á Miðbakkanum er af nýjustu gerð og er önnur sinnar tegundar í heiminum en sambærilega braut er að finna í Vínarborg.

Brautin er hönnuð fyrir allskonar hjól; reiðhjól, hlaupahjól, hjólabretti, línuskauta, langbretti og sparkhjól. Hún þykir henta sérlega vel fyrir íslenskar aðstæður því hún verður ekki sleip í raka og rigningu og nýtist því vel flesta mánuði ársins.

Miðbakkinn er kjörinn áfangastaður fyrir þá sem kjósa að rúlla um borgina því þarna er líka að finna flottan hjólabrettapall sem settur var upp síðasta sumar.

Pumpan er í raun réttnefni því



Nýja hjólabrautin á Miðbakka.

ekki er beint treyst á pedalana eða sparkhreyfingar á svona braut heldur er ekki síður treyst á

þyngdarflið og líkamshreyfingar til að skapa hreyfingu á brautinni.

# Hótelíbúðir í Herkastalanum

Kastali fasteignafélag ehf. hefur sótt um leyfi til að breyta gistiheimili í hótelíbúðir, skipta um glugga, setja upp lyftustokk að sunnanverðu og breytingar á innra skipulagi samanber teikningar í húsi nr. 2 á lóð nr. 2 við Kirkjustræti.

Húsnæðið sem um ræðir er gamli Herkastalinn en Hjálpræðisherinn seldi húsið þegar hann byggði upp í Mörkinni. Ekki er vitað hverjir er eigendur að húsinu í dag en Pétur Árni Jónsson fjárfestir er stjórnarformaður og Daniel Þór Magnússon sérfræðingur í fjárfestingum hjá Kviku Banka tengjast málinu. Fasteignafélagið sem um ræðir er staðsett að Katrínartúni 2 þar sem Kviku Banki er.



Gamli Herkastalinn við Kirkjustræti.

## FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 11-16  
alla virka daga

Verið velkomin

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

# Pipraka

Það er svo létt að breyta íslenskri papriku í eitthvað alveg nýtt og ferskt.



Borðaðu hana ferska, í ræmum með ídýfunni, saxaða í litríkan pottrétt eða grillaða með gómsætri fyllingu.

Vatnsmælirinn: **Paprika**

91% íslenskt vatn



Þú veist  
hvaðan það  
kemur

# Danska skipulagið

- ónothæft framlag til þróunar byggðar í Reykjavík

**D**anska skipulagið svonefnda var um margt talið tímamótaverk í skipulagsmálum í Reykjavík þegar það var kynnt 1962. Upphaf þess má rekja til þess að um 1960 þótti ljóst að rammi þáverandi skipulags væri sprunginn. Byggð í höfuðborginni hafði einkum snúist um nesið en eftir því sem fólki og húsum fjölgaði varð ljóst að leita þyrfti á nýjar slóðir. Að nema nýjar lendur til byggðamyndunar. Þrjár megin hugmyndir voru um hvert skyldi stefna. Ein var suðurstefnan, önnur norðurstefnan og loks heiðarnar. Þeir er að skipulagi unnu höfðu þó lengi aðhyllst suðurstefnuna umfram hinar. Þá stefnu að þróa og þetta byggðina inn af Skerjafirði á milli hinna upprunalegu byggðakjarna í Reykjavík og Hafnarfirði. Gallinn við þessa hugmynd var sá að þessu svæði hafði þá þegar verið skipt niður í mismunandi sveitarfélög og lögsagnarumdæmi og Reykjavíkurborg hafði ekki umráð yfir þeim. Fljótt kom tregða í ljós hjá öðrum sveitarfélögum til samstarfs við Reykjavíkurborg. Vera má að hún hafi að einhverju leyti stafað af ótta við yfirráð þess stóra, það er að segja borgarinnar yfir minni sveitarfélögum en einnig er líklegt að pólitík hafi spilað þar inn því sömu stjórnmalaflokkar voru ekki alls staðar við völd. Skipulagið var unnið af Dananum Peter Bredstorf og oft kallað danska skipulagið vegna þjóðernis hans. Í skipulaginu var lögð áhersla á víðfeðmt stofnbrautakerfi og skarpa aðgreiningu eftir landnotkun sem voru ný vinnubrögð við skipulagsgerð hér á landi.

Vaxandi bílaeign setti ákveðið mark á skipulagið. Aðeins þremur árum áður en það var sett fram þurfti sérstakt leyfi fyrir innflutningi á bílum. Árið 1962 voru skrásett ökutæki á landinu öllu um þrjátíu þúsund talsins. Á þessum tíma var bílaeign þó í örur vexti eftir að innflutningur á bílum hafði verið gefin frjáls eftir stjórnarskipti 1959. Ljóst var að yfirvöld höfðu miklar hugmyndir í sambandi við þá framtíð sem blasti við á nýrri bílaöld. Á þessum árum vildu borgaryfirvöld taka tillit til aukins áhuga fólks á að eignast eigin bíl og búa svo í haginn að almenningur myndi „komast leiðar sinnar af eigin rammleik“ eins og það var orðað í ályktun borgarstjórnar. Þessi hugmynd sést vel í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 1962 til 1983 en þar er gert ráð fyrir miklum umferðarmannvirkjum í allri höfuðborginni og sérstaklega í miðbænum og í nágrenni við hann. Áherslur á stofnbrautakerfi má sjá í hugmyndum um lagningu fjölda stórra hraðbrauta í gegnum miðbæinn, meðal annars um Grettisgötu og í gegnum Grjótaþorp. Í danska skipulaginu er Miklabraut sýnd með átta akreinum og níu brúargatnamótum. Einnig er ein-kennandi í danska skipulaginu hversu skarplega var greint á milli svæða eftir landnotkun. Athygli vekur að gert var ráð fyrir stórrí svfnbyggð í Breiðholti svæði þar sem engum hafði þá látið sig dreyma um íbúðabyggð. Breiðholt átti að vera hrein íbúðabyggð án allrar þjónustu en íbúar áttu að treysta á hinn nýja fararskjóta sem var að ryðja

sér til rúms einkabíllinn til allra aðdráttu sem annarra samskipta.

## Erfitt að gera sér grein fyrir eyðileggingunni

Danska skipulagið fékk nokkuð góðar viðtökur í upphafi en viðhorfin breyttust fljótt. Hið jákvæða viðhorf entist ekki og flestar bækur og greinar sem skrifaðar hafa verið um skipulagsmál á síðustu árum eru gagnrýnin á það. Meðal annars var því haldið fram að mat á þróun byggðar hafi verið rangt og ljóst að menn hafi ekki gert sér grein fyrir neikvæðum áhrifum einkabílsins. Erfitt væri að gera sér fulla grein fyrir þeirri eyðileggingu sem hefði orðið í gamla bænum ef hugmyndum aðalskipulagsins frá 1962 hefði verið fylgt eftir að fullu.

## Samfelld braut um miðbæinn frá Túngötu að Grettisgötu

Dæmi um þá hugmyndafræði sem ríkti við gerða þessa skipulags má nefna hugmynd um braut sem átti að liggja um miðbæinn. Þetta átti samkvæmt skipulaginu að vera ein samfelld braut frá Túngötu yfir á Grettisgötu. Breikka átti Túngötuna út á Landakotstúnið og einnig þegar hún nálgast miðbæinn í gegnum Grjótaþorp. Þá átti að breikka þessa braut þar sem hún átti að liggja um Kirkjustræti fyrir framan Alþingishúsið. Fara átti í gegnum reitinn fram hjá Hótel Borg, breikka Amtmannsstíginn og



Brattagata í Grjótaþorpi um 1978 í Grjótaþorpinu rúnum einum og hálfum áratug eftir að danska skipulagið kom fram. Hvort áhrifa þess gætir þarna enn skal látið ósagt en myndin sýnir glögg hversu ótrúlega hrörleg gamla byggðin í Reykjavík var á þessum tíma. Svo virðist sem talið væri víst að gömul hús grotnuðu endanlega niður eða yrðu eldi að bráð. Spyrja má um afstöðu borgaryfirvalda til þessarar þróunar.



Þetta hús stendur á horni Grettisgötu og Barónsstígs. Danska skipulagið gerði ráð fyrir breikkun Grettisgötu og að öll hús öðru megin hennar yrðu rífin.

framlengja götuna til austurs. Þaðan átti þessi leið að liggja þvert yfir Skólavörðuholtið þar sem Hegningarhúsið er og átti að rífa það. Breikka átti Grettisgötuna og til þess að það væri hægt átti að rífa öll hús öðru megin við götuna.

## Ekki í takt við viðhorf almennings

Skipulagið var ekki í takt við þær breytingu sem voru að verða

á viðhorfum hjá almenningi. Menn veltu þó lengi fyrir sér hvort þess virði hefði verið að fóna gamla miðbænum fyrir breytta borgarmynd, stærri götur og nýrri hús. Annað sem var ofmetið í danska skipulaginu var þörf fyrir verslunarrými. Þótt gert væri ráð fyrir niðurrífi margra húsa og bygginu stærra húsnæðis var einnig lagt til að byggja nýjan miðbæ í Kringlumýrinni. Hugmyndin var góðra gjalda verð því hún dró úr þörf fyrir hinar

risavöxnu umferðaræðar. Hún varð að veruleika síðar eftir að Pálmi Jónsson oft kenndur við Hagkaup hóf byggingu verslunarmiðstöðvar þar. Vegna þess hversu framkvæmdir við nýjan miðbæ í Kringlunni drógust tók verslunarsvæði í Reykjavík að dreifast. Múlahverfi byggðist til dæmis allt upp á undan Kringlunni. Af þessum ástæðum má færa rök fyrir því að ekki hafi myndast öflugur verslunarmiðbær á gamla



## Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félag eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starta í.

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)





Ekkert átti að vera ósnortið. Breikka götuna um Kirkjustræti fyrir framan Alþingishúsið, fara í gegnum reitinn fram hjá Hótel Borg, breikka Amtmannsstíginn og framlengja götuna til austurs.

miðbæjarsvæðinu í Kvosinni í Reykjavík. Hefði danska skipulagið orðið að veruleika væri miðbærinn og jafnvel mun stærri svæði orðið allt önnur en sjá má í dag. Stórar umferðargötur og lítið pláss fyrir gangandi vegfarendur væri raunin og stemningin í kringum miðbæinn allt önnur en eins og við þekkjum hana. Vissulega heyrast ýmsar raddir í samfélaginu um að gatnakerfið sem höfuðborgin státar af í dag sé hvergi nærri nógu stórt, en þrátt fyrir gríðarlega fjölgun bíla

á þessum árum væri gatnakerfið sem skipulagið gerði ráð fyrir líklega enn of stórt miðað við bílafjölda borgarinnar í dag.

### Ónothæft framlag til þróunar byggðar í Reykjavík

Þrátt fyrir þennan sérstaka snúning í skipulagsmálum í Reykjavík. Tókst að bjarga gömlu byggðinni og varðveita hina sögulegu borgarmynd að mestu. Munar þar miklu um frumkvöðulsstarf þeirra Harðar

Ágústssonar og Þorsteins Gunnarsonar. Þegar Torfusamtökin voru stofnuð um verndun Bernhöftstorfunnar sem átti að rífa til að byggja stjórnsýsluhús var stigið stórt skef í verndum gamalla húsa og byggðamyndar. Má segja að rekja megi upphaf þess að Grjótaþorpið er enn á sínum stað til þessa starfs. Það sem einkum má ef til vill rekja til danska skipulagsins er bygging Breiðholtsins þótt hún hafi komið mun síðar og undir öðrum formerkjum, en höfundar þess

ímynduðu sér og síðan Kringlan og íbúða- og þjónustuhverfið í Kringlumýri. Hvað sem ýmsum sjónarmiðum líður hefur sagan

dæmt þetta skipulag sem algerlega ónothæft framlag til þróunar byggðar í Reykjavík.

## AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWEGROW.IS  
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

# Kjötkompaní

## GRILLUM OG NJTÖTUM

.....  
Tökum vel á móti ykkur fyrir  
verslunarmannahelgina.  
.....

Hafnarfirði & Grandá

www.kjotkompani.is

☎ 578 9700

✉ kjotkompani@kjotkompani.is

📘 kjotkompani

# Framkvæmdir við Vesturgötu



Séð eftir Vesturgötu til vesturs.

Nú standa yfir framkvæmdir við Vesturgötu. Unnið er að lagningu á nýju aðskildu skólperfi í Vesturgötu, frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg, niður að Hlésgötu ásamt endurnýjun á kaldavatnslögnum og lagningu ídráttarröra fyrir rafmagn, ljósleiðara og umferðarljós.

Framkvæmdir við Vesturgötu hófust þegar lokið var við endurbætur á Mýrargötu í byrjun þessa mánaðar. Vinnuvæðið færir þá að gatnamótum Bræðraborgarstígs og Vesturgötu og framkvæmdir færðist austur Vesturgötuna að gatnamótum Stýrimannastígs. Framkvæmdasvæðið á Vesturgötu verður lokað fyrir umferð bíla á meðan framkvæmdum stendur en aðgangi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur tryggt.



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Frá Hafnartorgi.

# Dýru íbúðirnar að seljast

Sala á lúxusíbúðum er að glæðast. Dýru íbúðirnar eru farnar að seljast. Erlendir aðilar hafa sóst nokkuð eftir dýrum í búðum hér á landi. Í nýja hverfinu við Austurhöfin mun um fimmti hver kaupandi að dýrustu eignunum vera erlendur eða búsettur erlendis.

Búíð er að selja íbúðir á Austurhöfin fyrir tæplega fjóra milljarða króna og íbúðirnar hafi selst hraðar en gert var ráð fyrir. Dæmi er um að um 200 fermetra þakíbúð á Austurhöfin hafi selst á tæpar 300 milljónir króna sem er með því hæsta sem þekkt er í sögu Reykjavíkurborgar.

# Háfell grefur fyrir rannsóknahúsi



Landspítalareiturinn. Grunnar undir nýbyggingar eru á miðri myndinni.

Nýr Landspítali ohf. hefur tekið tilboði Háfells ehf. í jarðvinnu á rannsóknahúsi sem er ein fjögurra nýbygginga spítalans.

Tilboðið var 96,4 prósent af kostnaðaráætlun eða rúmar 164 milljónir. Í rannsóknahúsinu sameinast öll rannsóknastarfsemi spítalans á einn stað, svo

sem meinafræði, rannsóknakjarni, klínísk lífefnafræði og blóðmeinafræði, sýkla- og veirufraeði auk Blóðbankans. Þar verður einnig líkhús, krufning og aðstaða fyrir réttarmeinafræði. Gert er ráð fyrir að jarðvinna hefjist síðar í sumar og að henni ljúki í upphafi árs 2022.

# Sjúkraliðar / aðhlynning hlutavinna



Ert þú jákvæður, traustur, áreiðanlegur og þjónustulundaður einstaklingur, þá eru lausar stöður sjúkraliða og eða starfsfólks í aðhlynningu frá ágúst mánuði til að sinna íbúum á hjúkrunarheimilinu Seltjörn, Safnartröð 1 á Seltjarnarnesi. Um er að ræða hlutastörf 60-80%.

Sótt er um á heimasíður [www//sunnuhlid.is](http://www//sunnuhlid.is)

Vinsamlegast setjið Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.

Gerð er krafa um að viðkomandi tali og skilji íslensku.

# Örn Ólafsson bókmennta- fræðingur og háskólakennari

## Nokkur minningarorð

Örn Ólafsson bókmenntafræðingur og háskólakennari var fæddur á Túngötunni og bjó í Vesturbænum þar til hann flutti af landi brott seint á áttunda áratug liðinnar aldar. Æfi og líf Arnar var um margt sérstætt og einnig viðburðaríkt. Í viðtalið sem sá sem þetta ritar tók við hann fyrir nokkrum árum fjallaði hann um lífshlaup sitt allt frá borgaralegri bernsku á Túngötunni til starfs sósíalista á danski grund. Hann kvaðst hafa erfð bókmenntaáhugann frá föður sínum og ekkert annað hafi komist að en bókmenntirnar þegar að háskólanámi hafi komið. Þær lituðu líf hans.

Örn hóf starfsferilinn með kennslu við Menntaskólann við Tjörnina. Þaðan lá leiðin í Menntaskólann við Hamrahlíð þar til hugurinn til rannsóknarstarfa og fræðimennsku á bókmenntasviðinu dró hann af landi brott. Eftir að hafa flust til Lyon í Frakklandi sinnti hann kennslu en einnig rannsóknum og ritaði meðal annars doktorsritgerð þar um tímabil Rauðra penna í íslenskum bókmenntum frá Universitè Lumiere.

Hann valdi rauða penna. Höfunda sem gengið höfðu götu sósíalismans í samtíð sinni. Þótt hann væri kominn af konservatívu fólki gerðist hann talsmaður sósíalisma og kenninga Karls Marx. Í fyrrnefndu viðtalið rakti hann leið sína til sósíalismans. Hvernig hann gekk til liðs við Æskulýðsfykinguna og gerðist síðar Trotskyisti. Sú pólitíska hugsun sem hann tileinkaði sér ungur setti eftir það nokkurn svip á líf hans þótt það snerist einkum um bókmenntir. Dæmi um pólitíkina er að hann gekk til liðs við Solialiska Arbaje Party SAB í Danmörku sem hann kallaði samband heimilisleysingja á vinstri vængnum þar í landi.

Ýmsir Vesturbæingar minnst Arnar þar sem hann bjó á Sólvallagötunni og síðar við Ránargötu. Trúr hugsjón sinni eignaðist hann ekki bíl en fór ferða sinna á reiðhjól. Valdi þann kost löngu áður en hjólreiðar urðu að tísku í Reykjavík. Hann steig á hjólhestinn oft klæddur frakka hvort sem hann var á leið til vinnu eða á fund sem hann sótti jafnan marga í pólitísku starfi. Aðrir muna hann ef til vill þar sem hann stóð á horni Óla blaðasala við Austurstræti og var að selja Neista – málagn sósíalista.

Kynnti af Erni hófust þegar við kvæntumst konum sem voru æskuvinkonur. Hann var fljótlega nálægur í kunningjahópnum. Hann færði mér rit Marx og Engels innbundin í þrítugsafmælisgjöf – bækur sem enn blasa við í hillu hér á vinnustofunni. Vert er að minnst vordaga sem þessi þá ungu hjón dvöldu saman um tíma á heimili hans og Ingibjargar Ólafsdóttur fyrri konu hans í Lyon. Þekking hans á borginni og franski menningu var aðdáunarverð. Matarmenningin var þar ekki undan skilin.

Eftir Frakklandsdvölinna fann hann sig ekki á Íslandi. Hjónabandi hans og Ingibjargar lauk. Heimurinn heillaði og hann hélt á vit nýrra ævintýra. Að þessu sinni í Danmörku og einnig í Noregi þar sem hann starfaði um tíma. Í Danmörku kynntist

hann síðari konu sinni Peris Njeri frá Kenía í Afríku. Kvaðst hafa verið orðinn leiður á að horfa á sjónvarpið á kvöldin og skroppið út til að kanna hvert hann hitti einhvern. Þar var þessi dökka kona frá miðbaugi jarðar. Þau felldu hugi saman. Einstakur bókmenntaáhugi, jaðarpólitík og hinn afríska kona

er nokkuð af því sem mótuðu nokkra sérstæðni í lífi hans.

Örn lést í Kaupmannahöfn 27. maí og hvílir aska hans í Hólavallagarði hinum gamla grafreit Reykvíkinga við Suðurgötu.

Þórður Ingimarsson.



Örn Ólafsson og Peris Njeri.



## Of mikið sumar?

**Flynise** – 24 klukkustunda virkni við ofnæmi

Flynise filmuhúðaðar töflur innihalda 5 mg af virka efninu desloratadíni og er ofnæmislyf sem er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og ofsakláða. Flynise er ætlað fullorðnum og unglíngum 12 ára og eldri og er áhrifaríkt við að draga úr einkennum ofnæmiskvefs eins og hnerra, nefrennsli og kláða í nefi, ásamt augnkláða, tárarennslu og roða í augum og kláða í efri góm. Lyfið er til inntöku og á að gleypa töfluna heila. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is) Markaðsleyfshafir Actavis Group PTC ehf.

## Fjölskylduhreyfi- stund á Eiðistorgi



Dansskólinn Óskandi vill auka framboð á danstímum í hverfinu og býður upp á fjölskylduhreyfistund á Eiðistorgi í vetur fyrir börn frá 3 mánaða aldri.

Hreyfisamverustundin er fyrir börn og foreldra þar sem áhersla er lögð á að hafa gaman saman og dansa í hlýju, jákvæðu og notalegu umhverfi í hóp með öðrum foreldrum. Guðrún, skólastjóri Óskanda, leiðir tímuna en hún hefur mikla ástríðu fyrir hvað hreyfing og umhverfi gegna mikilvægu hlutverki, sérstaklega fyrstu árin. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Óskanda, [oskandi.is](http://oskandi.is).

# Katrín heimsótti Landakotsskóla



Katrín Jakobsdóttir með nemendum Landakotsskóla.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra heimsótti Landakotsskóla á vordögum þar sem unnið er með einbeitingu og handverk. Forsætisráðherra hefur tæplega leiðst í heimsókninni ef marka má frásögn hennar sem skráð hefur verið á heimasíðu skólans.

„Dagarnir þróast stundum öðruvísi en ætlunin er. Í dag fór öll tímaáætlun úr skorðum sem endaði með því að það sem átti að vera korters innlit í

„skriptorium“ í Landakotsskóla í hádeginu þar sem unnið er með einbeitingu og handverk breyttist í meira en klukkutímaheimsókn í eftirmiðdaginn þar sem Ingibjörg Jóhannsdóttir og hennar fólk kynnti okkur starf skólans. En það var auðvitað miklu skemmtilegra því að það er gott að geta gefið sér tíma til að hlusta og horfa – og einbeita sér. Takk fyrir þessar góðu móttökur.“  
Katrín Jakobsdóttir

## Vesturbæjarskóli

# Fjórar nýsköpunarhugmyndir valdar til keppni



Nemendur í nýsköpun í Vesturbæjarskóla.

Fjórar hugmyndir úr Vesturbæjarskóla voru valdar í nýsköpunarkeppni Grunnskólanna. Á liðnum vetri undirbjuggu nemendur í fimmta og sjötta bekk í Vesturbæjarskóla sig fyrir þátttöku í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna eða NKG. Nemendur sóttu tíma í Nýsköpun og undir leiðsögn fengið að spreyta sig í að hanna hluti, nýja ferla og hugmyndir. Hugmyndir nemenda eru sendar í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna.

Á hverju ári eru valdar á bilinu 15 til 20 hugmyndir úr innsendum umsóknum af öllu landinu og þeir

nemendur sem eiga hugmyndirnar fara í keppnina. Í ár voru fjórar hugmyndir frá Vesturbæjarskóla valdar í keppnina. Þrátt fyrir að keppnin hafi ekki verið haldin í ár þá fengu nemendur samt tækifæri til að vinna til viðurkenninga og verðlauna. Hugmyndirnar frá Vesturbæjarskóla sem hefðu fengið boð um að koma í vinnustofu eru þessar: Teikniappið, vinaappið, viðbótaappið og hugmyndaappið en það voru þau Baldur Tumi, Vilborg, Frigg, Ýrsa, Nína, Tómas og Davíð sem áttu þessar hugmyndir og óskum við þeim innilega til hamingju.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

[www.utforin.is](http://www.utforin.is)



SÍÐAN 1996

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

[www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

DANSSKÓLI á EIDISTORGI  
Samvinna - Vellíðan - Metnaður - Sköpun

ÓSKANDI

[www.oskandi.is](http://www.oskandi.is)

# ÓÐINSFLÆÐI

- víbrandi skemmtilegt tónlistar- og jógaflæði á Óðinsgötu/torgi á laugardag



Það víbrar fallega á Óðinsgötunni milli Systrasamlagsins, Mengis og Smekkleysu sem taka höndum saman með Sumarborginni og efna til Óðinsflæðis laugardaginn 24. júlí með töfrandi dagskrá frá hádegi fram á kvöld. Óðinsgötunni verður lokað og hið vel lukkaða Óðinstorg fullnýtt.

Tónlist, jóga, gong og skálar koma við sögu. Margir kyngimagnaðir listamenn á vegum Mengis og Smekkleysu og Íslenskar seiðkonur heiðra borgarbúa með nærveru sinni.

Að sögn systranna í Systrasamlaginu verður flæðið á Óðinsgötunni á laugardag sérlega ljúft en byrjað verður á mjúku nótunum og endað í stuði með FM Belfast.

## Dagskráin hljóðar nákvæmlega svona:

**12:00** Fjölskyldujóga með Drífu og Hrafnhildi aka Íslenskum seiðkonum

**13:00** Íslenskar Seiðkonur spila á Gong og skálar á Óðinstorgi

**14:30** Benni Hemm og hljómsveit á Óðinstorgi

**15:00** DJ Sóley

**16:00** Steinunn Eldflaug á Óðinstorgi

**17:30** DJ Sley

**18:00** DJ Stína Ágústsdóttir

**19:00** DJ FM Belfast

Það verður líka nóg að bíta og brenna því bæði Systrasamlagið, Sælkerabúð Bergsson og Snaps verða með veitingar á torginu og ef til vill sjáum fleiri nágrönnum Óðinsgötunnar bregða fyrir. Þetta er allt í flæði. Óðinsflæði.



Sérhæfð  
lögfræðipjónusta  
við búsetuskipti  
með áherslu á 60+

Elín Sigrún,  
lögmaður,  
[www.buumvel.is](http://www.buumvel.is)  
sími 783 8600  
elin@buumvel.is



Netverslun:  
[systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)

UMFÍ

Íþróttar- og fjölskylduhátíð

Íþróttir á daginn

Tónleikar á kvöldin

7.900 kr  
Eitt verð fyrir  
allar greinar  
Tjaldstæði innifalið

Allt á  
[ulm.is](http://ulm.is)

## HUGAÐU AÐ HEILAHEILSUNNI



**Kollagen eins og þú hefur ekki kynnst áður Anicent+Brave hefur hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir framúrskarandi kollagen og MTC olíu. Kynntu þér málið.**



**Stuðningur við heilann Fjölvitamín með áherslu á vitsmuni og heilaheilsu.**



**SPF-sólarvörn Ver gegn skaðlegum geislum sólar og eykir þol.**



**Ilmir sem skerpa á skilningavitunum Ilmirnir frá Thought Sanctuary eru einstaklega djúpir og nærandi. Griptu með þér í ferðalagið.**



Afgreiðslutími:  
Mán: 11-16  
Þri-fös: 11-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367



**Símahulstur og veski fyrir flestar gerðir farsíma**



**AUKAHLUTIR**  
netverslun

aukahlutir.is

við eigum skjávarnir fyrir flestar gerðir farsíma

# Vegna greinar um skólastjóranskipti í Melaskóla

## - tveimur stjórnendum sagt upp störfum

Í síðasta tölublaði Vesturbæjarblaðsins var grein um nýjan skólastjóra í Melaskóla byggðar á heimildum Reykjavíkurborgar. Ég, undirritaður, leyfi ég mér að koma nokkrum athugasemdum og leiðréttingum á framfæri hér sem ég tel brýnt að fram komi.

Í maí sl. voru haldnir fjárfundir starfsmanna Melaskóla með fulltrúum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (hér eftir skammstafað SFS). Þá voru einnig haldnir tveir fundir í skólanum með sömu aðilum. Fundirnir voru haldnir af hálfu SFS vegna langvarandi óánægju starfsmanna með störf skólastjóra skólans eins og fram hafði komið í starfsmannakönnunum sem og foreldrakönnunum undanfarin ár. SFS var fullkunnugt um hver vandi skólans var.

Fráfarandi skólastjóri lét af störfum í lok maí og það var væntanlega hans ákvörðun. Aðrir stjórnendur vissu ekki um hana fyrr en SFS tilkynnti þeim það um mánaðamótin maí-júní. Hefði þá mátt ætla að staðgengill skólastjóra, Helga Jóna aðstoðarskólastjóri, tæki -a.m.k. tímabundið- við stjórnun skólans en hugmyndir SFS voru aðrar. Allt aðrar.

SFS tilkynnti á fundi með starfsmönnum í byrjun júní að Jón Pétur Zimsen hefði verið ráðinn skólastjóri og Harpa Reynisdóttir aðstoðarskólastjóri. Stöður þeirra voru ekki auglýstar enda bar SFS ekki skylda til þess þar eð ráðningin er væntanlega til eins árs til að byrja með en að því loknu ber að auglýsa stöðu skólastjóra á opinberum vettvangi.

Í grein Vesturbæjarblaðsins í júní kemur fram að tveir aðrir stjórnendur hefðu látið af störfum. Það er ekki rétt því hið rétta er að SFS sagði upp deildarstjóra stoðkennslu og skrifstofustjóra (þeim er þessa grein ritari) vegna „skipulagsbreytinga.“ Fullyrt var af hálfu SFS að uppsagnirnar hefðu ekkert með þær persónur sem gegndu störfunum að gera.

Báðir stjórnendurnir hafa

áratugi að baki sem starfsmenn Melaskóla. Þeim var báðum tilkynnt um ákvörðun SFS með stuttu símtali „korter“ fyrir gildistöku starfslokasamnings þeirra 1. júní. Því er ljóst að í skipulagsbreytingum SFS er ekki gert ráð fyrir deildarstjóra stoðkennslu í Melaskóla. Það getur varla talist skólastarfinu til hagsbóta. Þess verður að geta að deildarstjórinn, Þóra Ársælsdóttir, er talmeinafræðingur að mennt en skortur á þeim í grunnskólum borgarinnar er nánast algjör eins og fram hefur komið í fréttum að undanförunu. Því hefði mátt halda að SFS myndi bjóða Þóru stöðu sem slíkur við skólann en það var ekki gert.

Þá skal það nefnt hér að undirritaður – fráfarandi skrifstofustjóri - spurði verðandi skólastjóra hvort hann mætti starfa áfram við Melaskóla og þá sem ritari. Skólinn þarf væntanlega að vera með ritara. Hann hafnaði því strax og því má það ljóst vera að bæði hann og SFS telja að skólanum sé betur borgið án okkar Þóru. Lausn á vanda skólans sé að losa sig við okkur tvö.

Ef SFS hefði fengið sínu framgengt þá væri Helga Jóna Pálmadóttir, aðstoðarskólastjóri, ekki lengur við störf í Melaskóla. SFS hefði þannig náð að losa sig við alla stjórnendur skólans og bregðast þannig við óánægju starfsmanna með störf skólastjóra skólans og sinnuleysis SFS vegna hennar.

### Þekkingu og reynslu „kastað á glæ“

Í stað þess að nýta alla þá reynslu og þekkingu sem aðrir stjórnendur skólans höfðu til að bera fór SFS fór þá leið að leita út fyrir skólann að nýjum stjórnendum. Stjórnendum sem lítið eða ekkert þekkja til Melaskóla. SFS sniðgekk um leið starfandi aðstoðarskólastjóra, Helgu Pálmadóttur, með þeim hætti að bjóða henni, sem staðgengli fráfarandi skólastjóra, ekki að stýra skólanum næsta skólaár. Ekki nóg með það því



Björn Pétursson.

hún verður ekki lengur staðgengill skólastjóra því Harpa verður það. Helgu er sem sagt „ýtt til hliðar“ eftir að hafa verið aðstoðarskólastjóri og um leið staðgengill skólastjóra Melaskóla frá árinu 2007.

SFS er með öðrum orðum að losa sig við stjórnendur sem hafa það eitt til „saka“ unnið að hafa staðið vaktina mörg undanfarin ár og unnið störf sín af miklum heilindum Melaskóla til heilla.

### Í óþökk starfsmanna

Það skal fullyrt hér að allar ákvarðanir SFS varðandi framtíðar stjórnun Melaskóla eru í algjörrri andstöðu við vilja nánast allra - ef ekki allra - starfsmanna skólans. Þeir harma – og er þá vægt til orða tekið – mjög að fráfarandi deildarstjóri og skrifstofustjóri séu í raun gerðir brottrækir úr skólanum eftir áratuga störf fyrir skólann og að Helga aðstoðarskólastjóri sé ekki lengur staðgengill skólastjóra.

SFS virðist ekki geta sætt sig við að starfsmenn Melaskóla hafi verið mjög ósáttir með hvernig það hefur brugðist – eða öllu heldur ekki - við óánægju þeirra með störf fyrrum skólastjóra skólans og því er svarað með „skipulagsbreytingum.“

Yfirskrift menntastefnu Reykjavíkur er: „Látum draumana rætast.“ Kannski hafa draumar SFS gagnvart stjórnun Melaskóla ræst með nánast algjörru yfirtöku á stjórn skólans. Nú skal skikka „liðið“ til!

Hið sama verður ekki sagt um starfsmenn skólans. Draumar þeirra hafa ekki ræst. En þeir halda áfram því frábæra starfi sem ávallt hefur einkennt skólastarfið í Melaskóla þrátt fyrir þann stjórnunarvanda sem skólinn hefur glímt við allt of lengi. Nemendur skólans eru í góðum höndum kennara og annarra sem sinna þeim dag hvern. Ég er stoltur af þeim. Ég er stoltur af starfsfólki Melaskóla. Ég er stoltur af nemendum hans og foreldrum/forráðamönnum þeirra og óska þeim alls hins besta.

Björn Pétursson,  
fráfarandi skrifstofustjóri.

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

**RECARO**  
Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMÍÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

# KR vann flesta Íslandsmeistararitla



Ánægðir verðlaunahafar frá Borðtennisdeild KR.

**KR vann flesta Íslandsmeistararitla og flest verðlaun allra félaga á Íslandsmótum í borðtenniskeppnistímabilið 2020 til 2021 eða 11 talsins.**

Víkingur vann 9,5 titil, HK 7,5 titla, BH 7, Örninn vann tvo titla og Akur ein Alls var keppt um 38 Íslandsmeistararitla og tókst að halda öll

Íslandsmótin þrátt fyrir kórónuveiru faraldurinn, nema hvað flokkakeppni unglunga var felld niður. KR vann flesta titla í unglungaflokkum og öldungaflokkum. Víkingar unnu flesta titla í fullorðisflokkum, 5 talsins, alla í meistaraflokki.

# Taekwondo deild stofnuð hjá KR

Samþykkt var á aðalfundi KR í vor að tillögu aðalstjórnar félagsins heimild um stofnun Taekwondo-deildar KR með full réttindi íþróttadeildar. Deildin hafði þá starfað í samstarfi við KR í rúmlega 10 ár.

Stofnfundurinn var haldinn í KR-heimilinu þann 18. júní sl. Þar voru kjörin í stjórn deildarinnar: María Rán Guðjónsdóttir, formaður, Eyjólfur Brynjar Eyjólfsson, María Bragadóttir, Selma Hafliðadóttir og Sigurður Ásgeir Kristinsson, og í varastjórn Lilja Ársælsdóttir og Karl Jóhann Garðarsson. KR væntir mikils af deildinni í framtíðinni.

Á myndinni eru nýkjörin stjórn deildarinnar ásamt formanni KR, Lúðviki S. Georgssyni.



# KR styrkti stöðu sína á toppnum



**KR styrkti stöðu sína á toppi Lengjudeildar kvenna með 3-2 sigri á Augnablik á dögnum.**

Þarna voru efsta og neðsta lið deildarinnar að mætast en Augnablik náði að stríða KR - heldur betur.

Guðmunda Brynja Óladóttir kom KR yfir, en Margrét Brynja Kristinsdóttir jafnaði fyrir gestina. Vigdís Lilja Kristjánsdóttir kom Augnablik svo 1-2 yfir.

KR náði hins vegar að snúa taflinu við og landa sigrinum; Guðmunda Brynja jafnaði og Margrét Edda Lian Bjarnadóttir skoraði sigurmarkið fyrir Vesturbæjarstórveldið.

FH og Afturelding, liðin í öðru og þriðja sæti, misstugu sig bæði í tíundu umferðinni. KR er því núna með fimm stiga forystu á toppi deildarinnar. Augnablik er áfram á botni deildarinnar, fjórum stigum frá öruggu sæti.



[www.kr.is](http://www.kr.is)



**FYRIRTAÐ**  
málningarþjónusta

TRAUST  
OG  
ÁBYRG  
ÞJÓNUSTA

[www.fyrirtak.is](http://www.fyrirtak.is) - [fyrirtak@fyrirtak.is](mailto:fyrirtak@fyrirtak.is) - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK  
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

**Gómsæti í göngufæri**

NÓA

**NÝTT**

NÓA

**Stökk**  
**Hnappar**

með karamellubragði og klikkuðu krönsi

Stökk  
Hnappar  
klikkuðu krönsi

280 g

**TAKMARKAÐ  
MAGN**

Prófaðu nýju Nóa Stökk hnappana  
með karamellubragði og klikkuðu krönsi!